GJALDSKRÁ

fyrir meðhöndlun úrgangs og sorphirðu í Fjarðabyggð.

1. gr.
Samþykktir, lög og reglur.

Fjarðabyggð annast sorphirðu frá öllu íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu. Bæjarstjórn skal innheimta gjald samkvæmt gjaldskrá þessari fyrir meðhöndlun úrgangs samkvæmt samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Fjarðabyggð nr. 1415/2025, sbr. 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, og 23. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003.

2. gr.
Sorphirðugjald.

Fjarðabyggð felur verktaka framkvæmd sérstakrar söfnunar úrgangs frá öllu íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu sem er flokkað í fjóra flokka í þrjú eða fjögur ílát:

Þriggja tunnu kerfi 1:

240 l tvískipt tunna fyrir matarleifar og blandaðan úrgang.
240 l tunna fyrir pappír og pappa.
240 l tunna fyrir plast.

Þriggja tunnu kerfi 2:

240 l tvískipt tunna fyrir matarleifar og blandaðan úrgang.
240 l tunna fyrir pappír og pappa.
140 l tunna fyrir plast.
Heimili geta valið að hafa fjögur ílát en greiða þá aukagjald fyrir fjórðu tunnuna (blandaðan úrgang) samkvæmt gjaldskránni.

Fjögurra tunnu kerfi:

240 l tunna fyrir blandaðan úrgang.
140 l tunna fyrir lífrænan úrgang.
240 l tunna fyrir pappír og pappa.
240 l tunna fyrir plast.

Gjaldflokkur nr.	*Tegund úrgangs / íláts*	*Stærð íláts*	*Gjald kr. / ílát á ári*
530240	Tvískipt tunna	240 l	36.232
510240	Blandaður	240 l	39.500
510660	Blandaður	660 l	108.625
511100	Blandaður	1.100 l	181.625
520140	Lífrænn úrgangur	140 l	14.245
550240	Pappír og pappi	240 l	14.000
550660	Pappír og pappi	660 l	38.500
551100	Pappír og pappi	1.100 l	64.500

560140	Plast	140 l	11.000
560240	Plast	240 l	14.000
560660	Plast	660 l	38.500
561100	Plast	1.100 l	64.500

Íbúðir í fjölbýli greiða hlutfall af kostnaði sorpíláta miðað við eignarhlut í sameign, sbr. 43. og 45. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús, og reglugerð nr. 910/2000. Útreikningur hlutfallstölu skal byggður á reglugerð um eignaskiptayfirlýsingar, útreikning hlutfallstalna o.fl. í fjöleignarhúsum. Stærðir og fjöldi íláta mega ekki vera minni en sem nemur 140 lítrum fyrir pappír og pappa, plast og blandaðan úrgang pr. íbúð. Við hvert fjölbýli skal að lágmarki vera 140 lítra ílát undir matarleifar.

3. gr.

Fast gjald.

Fast gjald er lagt á allar fasteignir sveitarfélagsins árlega til að standa straum af veittri þjónustu tengdri málaflokknum og er ekki beintengt úrgangsmagni, s.s. umsýslu, fræðslu, hreinsun rusls á víðavangi, rekstri grenndarstöðva og aðgengi að söfnunarstöðvum með gjaldfrjálsan úrgang.

Álagningin er á fasteignir í a-, b- og c-lið samkvæmt 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

Gjaldflokkur nr.	*Tegund úrgangs / íláts*	*Stærð íláts*	*Gjald kr. / ílát á ári*
590001	a-matshlutar	Heimili	25.000
590002	b- og c-matshlutar	0-500 m²	65.000
590003	b- og c-matshlutar	500-1.000 m²	85.000
590004	b- og c-matshlutar	1.000-2.500 m²	105.000
590005	b- og c-matshlutar	> 2.500 m²	125.000
590006	c-matshluti	húsnæði án atvinnustarfsemi	35.000

Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum og er gjalddagi sorpgjalds hinn sami og fasteignagjalda.

4. gr.

Önnur gjöld.

Önnur gjöld sem heimilt er að innheimta vegna auka þjónustu:

Umsýslugjald er greitt í hvert skipti sem óskað er eftir breytingum á skráningu íláta. Umsýslugjaldið er 4.000 kr./skipti.

5. gr.

Þjónustugjöld á söfnunar- og móttökustöðvum.

Rekstraraðili annast rekstur á söfnunar- og móttökustöðvum fyrir úrgang í sveitarfélaginu og setur sér gjaldskrá vegna þessa. Gjöld rekstraraðila söfnunarstöðva fyrir gjaldskyldan úrgang mega að hámarki vera 25% hærri en gjöld fyrir urðun blandaðs úrgangs á urðunarstað samkvæmt 2. gr. í gjaldskrá um meðhöndlun úrgangs í Fjarðabyggð.

Gjaldskyldur úrgangur er almennt óendurvinnanlegur úrgangur til urðunar. Dæmi um gjaldskyldan úrgang eru: blandaður heimilisúrgangur og grófur úrgangur s.s. húsgögn, gluggar og stærri úrgangur, timbur og hart plast. Matarleifar eru einnig gjaldskyldar en fara þó ekki í urðun.

Ekki er tekið gjald fyrir endurvinnanlegan úrgang sem ber úrvinnslugjald. Dæmi um gjaldfrjálsan úrgang eru: plastumbúðir, pappi og pappír, málmar, hjólbarðar, raftæki og ýmis spilliefni.

6. gr.

Innheimta.

Gjalddagar gjalda skv. 2. gr. fylgja reglum um gjalddaga fasteignagjalda og er skipt jafnt niður á þá. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga, séu gjöldin ekki greidd á eindaga. Gjalddagi gjalda skv. 2. og 3. gr. er 1. hvers mánaðar og eindagi 15 dögum síðar.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

7. gr.

Staðfesting og gildistaka.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Fjarðabyggðar með stoð í samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Fjarðabyggð nr. 1415/2025, sbr. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Gjaldskráin öðlast gildi 1. janúar 2026. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1536/2024.

Fjarðabyggð, 11. desember 2025.

Jóna Árný Þórðardóttir bæjarstjóri.

B deild - Útgáfudagur: 23. desember 2025